

BORGARRÁÐ 14. janúar 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um tímabundna breytingu á innheimtureglum - R20030221

Reykjavíkurborg kynnti fyrstu aðgerðir í efnahagsmálum vegna COVID-19 í mars 2020, þar sem tímabundnar breytingar á innheimtureglum voru m.a. boðaðar. Gildistími reglnanna var til 31. desember 2020, þar var m.a. hægt að óska eftir að lengja eindaga í allt að 90 daga á allt að þremur kröfum í hverjum gjaldaflokki almennra krafna á gildistíma reglnanna. Einnig var hægt að óska eftir allt að 6 mánaða greiðsludreifingu á almennum kröfum í samráði við innheimtuaðila Reykjavíkurborgar, Momentum. Hversu margir hafa nýtt sér þessi úrræði og fyrir hversu margar kröfur?